



ÍSLANDBANKI HF.

SAMÞYKKTIR / ARTICLES OF ASSOCIATION

1 **NAFN, HEIMILI OG TILGANGUR FÉLAGSINS** **NAME, ADDRESS AND PURPOSE OF THE COMPANY**

- 1.1 Félagið er hlutafélag.
The Company is a public limited company.
- 1.2 Nafn félagsins er Íslandsbanki hf.
The name of the Company is Íslandsbanki hf.
- 1.3 Heimili félagsins og varnarþing er í Kópavogi.
The domicile of the Company and legal venue are in Kópavogur.
- 1.4 Félagið er fjármálafyrirtæki. Tilgangur félagsins er að starfrækja viðskiptabanka og veita fjármálaþjónustu. Félaginu er heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem fjármálafyrirtækjum er heimil lögum samkvæmt á hverjum tíma og heimil er samkvæmt starfsleyfi félagsins sem og aðra starfsemi í eðlilegum tengslum við hana. Félaginu er heimilt að taka þátt í starfsemi er samrýmist rekstri þess og gerast eignaraðili í öðrum félögum í því skyni.
The Company is a financial undertaking. The purpose of the Company is to operate a commercial bank and provide financial services. The Company may engage in any activities commercial banks may carry out pursuant to applicable laws and the Company's operating licenses, and any other activity normally related to such activities. The Company may engage in activities that are consistent with its operations and may take an ownership interest in other companies for such purpose.

2 **HLUTAFÉ FÉLAGSINS** **SHARE CAPITAL OF THE COMPANY**

- 2.1 Hlutfé félagsins er kr. 10.000.000.000 krónur – tíu milljarðar krónur. Hlutfé skiptist í 2.000.000.000 hluti hver að nafnvirði fimm (5) krónur eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Hlutfé félagsins tilheyrir allt einum flokki hlutfjár.
The share capital of the Company amounts to ISK 10,000,000,000 – ten billion Icelandic Krónur. The share capital is divided into 2,000,000,000 shares of ISK five (5) in nominal value, or multiples thereof. All of the Company's share capital is on a single class.
- 2.2 Heimilt er að hækka hlutfé félagsins með ályktun hluthafafundar, með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta, og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Sé stjórn veitt heimild til að hækka hlutfé skal getið um ákvörðun hluthafafundar í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti samþykktanna þann tíma sem heimildin er í gildi.
The Company's share capital may be increased by a resolution of a shareholders' meeting either through subscription for new shares or by issuance of bonus shares, such resolution requiring the same number of votes as required for the



amendment of these Articles of Association. If the Board of Directors is granted the authority to issue new shares, the decision of the shareholders' meeting shall be recorded in a special Annex to these Articles of Association and such Annex shall be an integral part of the Articles during term of such authorisation.

- 2.3 Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutafjäreign sína. Nýti hluthafi ekki forgangsrétt sinn að nýjum hlutum eiga aðrir hluthafar hlutfallslega aukinn rétt til áskriftar í hans stað. Heimilt er að víkja frá forgangsrétti hluthafa, sbr. 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.
Shareholders shall have pre-emptive rights to new shares in direct proportion to their shareholding. Should a shareholder not exercise its priority rights to new shares the entitlement of other shareholders shall be increased proportionally. Pre-emptive rights may be waived according to Article 34(3) of Act No. 2/1995, on Public Limited Companies.
- 2.4 Hluthafafundur getur einn ákveðið lækkun hlutafjár og þarf til þess sama magn atkvæða og þarf til breytinga á samþykktum þessum.
Only a shareholders' meeting can resolve on the reduction of share capital, such resolution requiring the same number of votes as required for the amendments of these Articles of Association.
- 2.5 Félagið má ekki veita lán eða aðra fyrirgreiðslu gegn tryggingu í hlutum sem útgefnir eru af félaginu sjálfu.
The Company may not grant loans or other credit against security in the form of shares issued by the Company itself.
- 2.6 Félaginu er heimilt að kaupa og eiga eigin hluti að því marki sem lög heimila. Verði heimild til kaupa og eignarhalds á eigin hlutum veitt af hluthafafundi, skal hennar getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti samþykktanna þann tíma sem heimildin er í gildi.
The Company may purchase and hold its own shares to the extent authorised by law. If authorisation to purchase and hold own shares is granted by a shareholders' meeting, this must be recorded in a special Annex to these Articles of Association and such Annex shall be an integral part of the Articles during term of such authorisation.
- 2.7 Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Yfirlit verðbréfamiðstöðvar um eigendur hluta í félaginu er fullgild hlutaskrá þess og skal skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu. Öllum tilkynningum til hluthafa og úthlutun réttinda, s.s. arði, skal beina eða úthluta til þess aðila sem á þeim tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutar í hlutaskrá félagsins.
The Company's shares are electronically registered in a securities depository as provided for by Act No. 7/2020, on Securities Depositories, Settlement and Electronic Registration of Title to Financial Instruments. A statement from the securities depository concerning title to shares in the Company constitutes a valid share register and a valid proof of title to shares in the Company. Any notices to the shareholders and allocation of rights, such as dividends, shall be addressed or allotted to the party recorded in the Company's register of shares as the owner of the respective shares.



- 2.8 Engar hömlur eru lagðar á meðferð hluta í félaginu. Meðferð virkra eignarhluta sætir takmörkunum samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Hluti í félaginu má framselja og veðsetja nema annað leiði af lögum. Um skrásetningu veðréttinda, eigendaskipti og framkvæmd þeirra fer samkvæmt lögum nr. 7/2020 um verðbréfamíðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.

No restrictions are placed on transactions with shares in the Company. Transactions with qualifying holdings are subject to the limitations of the Act No. 161/2002, on Financial Undertakings. Shares in the Company may be transferred or pledged unless otherwise provided for by law. Registration of lien rights and changes in ownership and their implementation are subject to Act No. 7/2020, on Securities Depositories, Settlement and Electronic Registration of Title to Financial Instruments.

- 2.9 Hver hluthafi er skyldur til að framfylgja samþykktum félagsins, eins og þær eru hverjum tíma. Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram hlut sinn í félaginu, nema þeir taki á sig slíka ábyrgð með sérstökum samningi. Þessu ákvæði verður ekki breytt nema með samþykki allra hluthafa.

Each shareholder is obligated to abide by these Articles of Association as they are at any given time. Shareholders bear no responsibility for the Company's obligations beyond their holding in the Company unless they assume such obligations through a specific legal instrument. This Article cannot be amended unless unanimously approved by all shareholders.

- 2.10 Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthöfum er ekki skylt að þola innlausn hluta sinna nema lög mæli svo fyrir um.

No special rights are attached to the shares in the Company. Shareholders shall not be subject to redemption of their shares unless otherwise provided for by law.

3 HLUTHAFAFUNDIR SHAREHOLDERS' MEETINGS

- 3.1 Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda samkvæmt því sem lög og samþykktir þessar ákveða. Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafund, taka þar til máls og neyta þar atkvæðisréttar síns.

The supreme authority in the affairs of the Company is in the hands of lawful shareholders' meetings pursuant to statutory law and these Articles of Association. All shareholders are entitled to attend a shareholders' meeting, to address the meeting, and exercise their voting rights.

- 3.2 Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert.

The Annual General Meeting of the Company shall be held before the end of the month of April each year.

- 3.3 Á aðalfundi skulu tekin fyrir eftirfarandi mál:

The following items shall be on the agenda of the Annual General Meeting:

- (i) Skýrsla stjórnar um rekstur og starfsemi félagsins síðastliðið rekstrarár;
The report of the Board of Directors on the Company's operations and activities for the preceding year of operation;



- (ii) Staðfesting ársreiknings félagsins og samstæðureiknings fyrir næstliðið rekstrarár;
Approval of the Company's annual financial statements and consolidated financial statements for the preceding year of operation;
- (iii) Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað eða tap félagsins á næstliðnu rekstrarári;
Decision as to how the Company's profit or loss during the preceding year of operation shall be handled;
- (iv) Kosning stjórnar, varastjórnar félagsins og formanns stjórnar;
Election of the Company's Board of Directors, alternate directors and the Chairman of the Board;
- (v) Kosning endurskoðanda;
Election of an auditor;
- (vi) Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar;
Decision on the remuneration to the Board of Directors and compensation to the members of the Board's sub-committees.
- (vii) Samþykkt starfskjarastefnu félagsins;
Approval of the Company's remuneration policy;
- (viii) Samþykkt starfsreglna tilnefningarnefndar félagsins;
Approval of the Company's Nomination Committees' rules of procedure;
- (ix) Önnur mál.
Other matters.

3.4 Ef hluthafar sem ráða minnst 1/3 hlutfjárins krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um liði ii) og iii) í grein 3.3 til framhaldsaðalafundar sem skal haldin í fyrsta lagi einum mánuði og síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

If so requested in writing at an Annual General Meeting by shareholders controlling at least one-third of share capital, a decision on items ii) and iii) of Art. 3.3 shall be postponed to a follow-up Annual General Meeting, to be held no sooner than one month and no later than two months after the Annual General Meeting. A further postponement cannot be requested.

3.5 Stjórn skal boða til hluthafafundar þegar hún telur þess þörf og þegar endurskoðandi félagsins eða hluthafar sem ráða yfir minnst 1/20 hlutfjárins, krefjast þess skriflega og greina frá fundarefni. Berist lögmæt krafa um hluthafafund skal stjórninni skylt að boða til fundar innan 14 daga frá því að krafan barst.

A shareholder meeting shall be convened by the Board of Directors when the Board deems it necessary or at the request of the Company's auditor or shareholders, controlling at least 1/20 of the Company's share capital, submitted in writing and stating the business of the meeting. Upon receipt of a valid meeting request the Board of Directors shall convene a meeting within fourteen days.



- 3.6 Boðað skal til hluthafafundar minnst þremur (3) vikum og lengst fjórum (4) vikum fyrir fund, nema skemmri fyrirvari sé heimilaður lögum samkvæmt. Boða skal til hluthafafundar með auglýsingu í fjölmiðlum, einum eða fleiri, og einnig með rafrænum hætti, t.d. tölvupósti og vefsíðu félagsins. Til framhaldshlutafundar skal boða með sama hætti og sama fresti og aðra hluthafafundi.

Shareholders' meeting shall be convened with at least three (3) weeks' notice and no more than four (4) weeks' notice. Shareholders' meeting shall be convened by an advertisement in one or more reliable media and by electronic means, such as by e-mail or by publication on the Company's website. A follow-up shareholders' meeting shall be convened in the same manner and with the same notice as other shareholders' meetings.

- 3.7 Í þrjár vikur fyrir hluthafafund og á fundardegi skulu eftirfarandi upplýsingar vera aðgengilegar hluthöfum á vefsíðu félagsins; (i) fundarboð, (ii) heildarfjöldi hluta og atkvæða á fundarboðsdegi, (iii) skjöl sem verða lögð fyrir hluthafafund, (iv) ályktunartillögur stjórnar félagsins eða nefnda hennar, eftir því sem við á, og (v) eyðublað fyrir umboðsmenn.

Three weeks prior to the shareholders' meeting and on the day of the meeting the following information shall be accessible to the shareholders on the Company's website: (i) the meeting announcement, (ii) the total number of shares and votes as of the date the meeting was announced, (iii) documents to be presented to the shareholders' meeting, (iv) motions of the Company's Board of Directors or its committees, as the case may be, and (v) form of power of attorney.

- 3.8 Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði haldinn rafrænt, hvort heldur í heild eða að hluta, enda sé tækni sú sem nýtt er til fundarins að mati stjórnar örugg og fullnægir kröfum laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Ákvörðunar um að hluthafafundur skuli haldinn rafrænt skal getið í fundarboði. Þar skulu einnig koma fram upplýsingar um nauðsynlegan tæknibúnað sem hluthafar þurfa til þess að geta tekið þátt í fundinum, upplýsingar um hvernig hluthafar tilkynni þátttöku sína, upplýsingar um hvernig atkvæðagreiðsla fer fram og hvar hluthafar nálgast leiðbeiningar um fjarskiptabúnað, aðgangsorð til þátttöku á fundinum og aðrar upplýsingar sem átt geta við. Sé hluthafafundur haldinn með rafrænum hætti skal innslegið aðgangsorð í hinn tilgreinda fjarskiptabúnað jafngilda staðfestingu á þátttöku hluthafans á hluthafafundinum.

The Board of Directors may decide to hold a shareholders' meeting by electronic means, either in full or in part, provided the technology to be used for the meeting is determined by the Board of Directors to be secure and fulfils the requirements of the Act No. 2/1995, on Public Limited Companies. A decision to hold a shareholders' meeting by electronic means shall be stated in the meeting announcement. The announcement shall also provide information on the necessary technical equipment which shareholders require to participate in the meeting, information as to how shareholders are to give notice of their participation, information as to how voting will take place and where shareholders can obtain instructions on telecommunications equipment, passwords for access to the meeting and other relevant information. If a shareholders' meeting is held in part or in full by electronic means, a password entered in the specified telecommunications equipment shall be equivalent to the signature of the respective shareholder and shall be considered confirmation of his participation in the shareholders' meeting.



- 3.9 Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á þegar boðuðum hluthafafundi ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um slíkt til stjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins, þó í síðasta lagi 10 dögum fyrir fundinn. Kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til stjórnar. Upplýsingar um kröfuna skal birta á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir fundinn, auk tillögunnar og eftir atvikum endurskoðaða dagskrá fundarins.

Each shareholder is entitled to have a specific matter submitted to a convened shareholders' meeting, if he makes a written or electronic request for that to the Board of Directors with sufficient notice to allow the matter to be placed on the agenda of the meeting, however, no later than 10 days prior to the meeting. The request must be accompanied by grounds for the same or a draft resolution for the Board of Directors. Information on such request must be published on the Company's website no later than three days prior to the meeting together with the proposal and, as the case may be, the revised meeting agenda.

- 3.10 Mál sem ekki hafa verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn. Löglega fram bornar viðauka- eða breytingatillögur má þó bera upp á fundinum sjálfum þó svo þær hafa ekki legið frammi hluthöfum til sýnis fyrir fundinn.

Matters which have not been included on the agenda of a shareholders' meeting cannot be resolved at the meeting without the consent of all the Company's shareholders but resolutions thereon may be passed as guidance of the Company's Board of Directors. Supplementary motions or amendments, legally submitted, may be raised at the meeting itself, however, despite not having been available to shareholders beforehand.

- 3.11 Hluthafafundur telst lögmætur, án tillits til fundarsóknar, ef löglega var til hans boðað og fundurinn er sóttur af einum eða fleiri hluthöfum. Heimilt er að halda hluthafafundi félagsins annars staðar en á heimili félagsins.

A shareholders' meeting shall be duly constituted, regardless of attendance, if it was lawfully convened and if one or more shareholders attend the meeting. The meeting may be held at a location other than the Company's head office.

- 3.12 Rétt til setu á hluthafafundum hafa, auk hluthafa og umboðsmanna þeirra, endurskoðandi, stjórnarmenn og bankastjóri (framkvæmdastjóri félagsins í skilningi laga nr. 2/1995, um hlutafélög og laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki). Hafa þeir þar fullt málfrelsi og tillögurétt. Skal nefndarmönnum undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar, ásamt frambjóðendum til stjórnar, jafnframt heimilt að sitja hluthafafundi, og taka þar til máls. Einnig getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum og starfsmönnum bankans.

In addition to shareholders and their proxies, the auditor, directors and the CEO of the Company (managing director pursuant to the Act No. 2/1995, on Public Limited Companies and Act No. 161/2002, on Financial Undertakings. They shall have unrestricted rights to speak and submit motions at the meeting. Members of the Board's sub-committees and Nomination Committee, together with the Board candidates, shall also be allowed to attend shareholders' meetings and have the right to speak. The Board of Directors may also invite experts to attend individual shareholders' meetings and the Bank's employees.



- 3.13 Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa, en slíkur ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundum. Hluthafa er þó heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Sæki umboðsmaður hluthafafund fyrir hluthafa skal hann leggja fram skriflegt eða rafrænt, og dagsett, umboð. Umboð skal leggja fram eigi síðar en á fundi og gildir það einungis til fundarsetu á viðkomandi hluthafafundi, nema annað sé skýrlega tekið fram í efni umboðsins. Umboð má afturkalla hvenær sem er.

A shareholder may attend a meeting along with his advisor, but such advisor has neither the right to submit proposals nor to vote at shareholders' meetings. A shareholder is, however, authorised to allow his advisor to speak on his behalf. Any proxy attending a shareholders' meeting on behalf of a shareholder shall present a written or electric, and dated, power of attorney. The power of attorney shall be presented no later than at the meeting and shall be deemed valid only for attendance at that shareholders' meeting unless otherwise clearly stated in the power of attorney. A power of attorney may be revoked at any given time.

- 3.14 Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti fundarins og framkvæmd hans samkvæmt samþykktum þessum og lögum. Jafnframt ákveður hann form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur. Fundastjóri tilnefnir fundarritara með samþykki fundar. Fundargerðir skulu færðar í fundargerðabók og teljast þær fullgild sönnun þess sem fram fór á hluthafafundi. Fundargerð skal lesin upphátt fyrir fundarlok, sé þess óskað af hálfu hluthafa, og skrá skal þær athugasemdir við hana sem þá koma fram. Fundargerðin skal undirrituð af fundarstjóra og fundarritara.

A meeting chairman elected by the shareholders' meeting will preside over the meeting. The meeting chairman shall resolve all disputes concerning lawfulness of the meeting in accordance with these Articles of Association and applicable law. The meeting chairman shall further decide on the process of debates, procedures of matters and voting. The meeting chairman appoints a secretary with the meetings' approval who shall keep minutes of the meeting. Minutes of meetings shall be recorded in the meeting record book and be considered fully valid proof of what took place at the shareholders' meeting. The minutes shall be read aloud prior to the conclusion of the meeting, if requested by shareholders, and any comments raised concerning them shall be recorded. The minutes shall be signed by the meeting chairman and the secretary.

- 3.15 Á hluthafafundi fylgir eitt atkvæði hverri krónu nafnverðs hlutafjár. Á hluthafafundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum, nema á annan veg sé mælt fyrir í lögum eða samþykktum þessum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

At shareholders' meetings, each króna of share capital carries one vote. A simple majority of votes shall determine the outcome at shareholders' meetings, unless otherwise provided for by law or these Articles. Proposals are deemed rejected if they receive equal votes.



4 FÉLAGSSTJÓRN BOARD OF DIRECTORS

- 4.1 Stjórn félagsins skal skipuð sjö (7) mönnum og tveimur (2) til vara. Um hæfi stjórnarmanna fer samkvæmt lögum. Stjórnarmenn skulu kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn.

The Company's Board of Directors shall be comprised of seven (7) individuals and two (2) alternate directors. Statutory provisions shall apply concerning the eligibility of directors. Directors shall be elected at an Annual General Meeting for one year at a time.

- 4.2 Hlutfall hvors kyns í stjórn og varastjórn skal ekki vera lægra en 40%. Þær þrjár (3) konur og þrír (3) karlar sem fá flest atkvæði og sá einstaklingur sem fær flest atkvæði næst á eftir áðurgreindum einstaklingum í kosningu til stjórnar félagsins, skulu teljast réttkjörin sem stjórnarmenn félagsins. Sú kona og sá karl sem fá flest atkvæði í kosningu til varastjórnar félagsins skulu teljast réttkjörin sem varastjórnarmenn félagsins. Náist ekki nægilegur fjöldi fulltrúa af hvoru kyni til að ná framangreindu hlutfalli, skal fresta stjórnarkjöri til framhaldfundar sem skal haldinn innan mánaðar. Þar til lögmæt kosning hefur farið fram þar sem áskilið kynjahlutfall hefur náðst, skal eldri aðal- og/eða varastjórn, eftir því sem við á, sitja áfram.

The proportion of each gender among directors and alternate directors shall be at least 40%. The three (3) female candidates and three (3) male candidates who receive the most votes and the person who receives the most votes after the aforementioned candidates in the Board election shall be deemed as the rightfully elected Board members. The female candidate and the male candidate who receive the most votes in the election of alternate members shall be deemed as the rightfully elected alternate members of the Board. Should the aforementioned gender ratio not be reached, the election shall be postponed to a follow-up shareholders' meeting, which shall be convened within one month. Until a legitimate election has taken place, resulting in the required gender representation, the mandate of the previous directors and/or alternates as the case may be, is extended accordingly.

- 4.3 Kosning stjórnar félagsins skal framkvæmd sem margfeldiskosning milli einstaklinga, sbr. c lið 6. mgr. 63. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Election of the Board of Directors shall be made by cumulative voting between individuals, cf. item c of Article 63(6) of the Act no. 2/1995, on Public Limited Companies.

- 4.4 Félagið skal hafa starfandi tilnefningarnefnd sem hefur það hlutverk að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu í félaginu á aðalfundi félagsins, eða eftir atvikum á hluthafafundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Nefndarmenn tilnefningarnefndar skulu vera þrír (3) og skulu þeir kjörnir af stjórn til eins árs í senn. Nefndin skal vera sjálfstæð í störfum sínum og skal meirihluti nefndarmanna vera óháður félaginu og stjórnendum þess. Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í tilnefningarnefnd, skulu tilkynna stjórn um framboð sitt fyrir 1. september ár hvert. Upplýsingar um skipun nefndarmanna skal birt á vefsíðu félagsins eigi síðar en sex (6) mánuðum fyrir aðalfund. Starfsreglur tilnefningarnefndar skulu samþykktar á hluthafafundi.



The Company shall operate a Nomination Committee whose role is to nominate individuals to the Company's Board of Directors at the Company's Annual General Meeting, or as the case may be at a shareholders' meeting where Board elections are on the agenda. The members of the Nomination Committee shall be three (3) and they shall be elected for one year at a time by the Board of Directors. The committee shall be independent in its work and the majority of the committee's members shall be independent of the Company and its management. Those who intend to stand for election to the Nomination Committee shall notify the Board of Directors of their candidacy before 1 September each year. Information on the appointment of the Nomination Committee shall be made available to the shareholders on the Company's website no later than six (6) months prior to the annual general meeting. The rules of procedure of the Nomination Committee shall be approved at a shareholders' meeting.

- 4.5** Þeir einstaklingar sem hyggjast gefa kost á sér í stjórnarkjöri, skulu tilkynna tilnefningarnefnd félagsins skriflega um framboð eigi síðar en fimm dögum fyrir hluthafafund þar sem stjórnarkjör skal fara fram. Í tilkynningunni skulu frambjóðendur veita upplýsingar um nafn sitt, kennitölu, heimilisfang, aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutfjáreign í félaginu. Þá skulu frambjóðendur einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa félagsins sem eiga meira en 10% hlut í því. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar skulu lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu og vefsíðu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund. *Those individuals who intend to stand for election as directors must give notice of their candidacy in writing to the Company's Nomination Committee no later than five days prior to the commencement of the shareholders' meeting at which the election is to take place. In their notification candidates must provide details including their name, identification number, address, principal employment, other directorships held, education, experience, and holding in the Company. Disclosure shall also be made of interest connections with the Company's principal customers and competitors, as well as with shareholders holding more than 10% in the Company. Information on the candidates to the Board of Directors shall be made available to the shareholders at the Company's headquarters and published on the Company's website no later than two days before the shareholders' meeting.*
- 4.6** Formann stjórnar skal kjósa sérstaklega á aðal- eða hluthafafundi. Stjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum. *The Chairman of the Board shall be elected separately at the Annual General Meeting or a shareholders' meeting. The Board shall allocate responsibility for other tasks.*
- 4.7** Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar. *The Company's Board of Directors constitutes the supreme authority in the affairs of the Company between shareholders' meetings. The Board of Directors shall implement rules of procedure where the Board's operations are further detailed.*



- 4.8 Stjórn félagsins ræður bankastjóra félagsins, ákveður starfskjör hans innan marka þeirrar starfskjarastefnu sem samþykkt hefur verið af hluthafafundi. Stjórnin veitir honum jafnframt lausn frá starfi.
The Company's Board of Directors shall hire the Company's CEO, determine the terms of the CEO's employment within the limits set by the remuneration policy adopted by a shareholders' meeting. Similarly the Board of Directors dismisses the CEO from his position.
- 4.9 Stjórnarformaður boðar stjórnina til funda og stýrir fundum. Fundi skal halda hvenær sem stjórnarformaðurinn telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða stjórnarfund að kröfu eins, eða fleiri stjórnarmanna, eða bankastjóra félagsins.
The Chairman of the Board convenes and presides at Board meetings. Meetings shall be held at the discretion of the Chairman. The Chairman shall also convene a meeting of the Board if requested by one or more members of the Board, or the CEO.
- 4.10 Bankastjóri á sæti á fundum stjórnar, þótt ekki sé hann stjórnarmaður, og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilfellum. Endurskoðendur félagsins eiga sömuleiðis rétt á að sitja stjórnarfundum.
The CEO attends meetings of the Company's Board of Directors, at which the CEO is entitled to speak and make proposals, unless the Board decides otherwise in individual instances. The Company's auditors shall similarly be entitled to attend Board meetings.
- 4.11 Stjórnarfundir eru ályktunarbærir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tækifæri til að fjalla um málið, sé þess kostur.
A Board meeting has a quorum if a majority of directors attend. Major decisions, however, may not be taken without all directors having had the opportunity to discuss the matter if at all possible.
- 4.12 Meirihluti stjórnar ritar firma félagsins. Stjórn félagsins veitir prókúruumboð fyrir félagið.
The signatures of a majority of directors bind the Company. The Board also grants power of procuration for the Company.
- 4.13 Til þess að ákvörðun stjórnarfundar teljist samþykkt, skal hún hljóta samþykki meirihluta stjórnarmanna. Falli atkvæði um tillögu á jöfnu, skal atkvæði stjórnarformanns ráða úrslitum. Stjórn heldur gerðarbók fyrir stjórnarfundum sína og staðfestir með undirritun sinni. Stjórnarmönnum skal heimilt að sækja fundi með aðstoð rafrænna miðla, ef þörf krefur.
A decision of the Board of Directors is deemed to be approved if approved by majority of the Board members. In the event of a tie, the Chairman shall have the deciding vote. Important decisions may, however, not be made unless all members of the Board have had the opportunity, if possible, of discussing the matter. Minutes of the Board meeting shall be kept and confirmed by the Board members with their signatures. Directors may participate in meetings with the assistance of electronic media, if necessary.
- 4.14 Að öllu öðru leyti fer um ábyrgð, vald og störf stjórnar samkvæmt lögum.



In all other respects, the applicable legislation shall provide for the responsibilities, powers and tasks of the Board of Directors.

5 BANKASTJÓRI CHIEF EXECUTIVE OFFICER (CEO)

- 5.1 Stjórn ræður bankastjóra. Bankastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn félagsins hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur bankastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn félagsins, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis eða áhættu fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal bankastjóri hafa samráð við stjórnarformann, eins og kostur er, og síðan skal stjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

The Board shall hire the Company's CEO. The CEO has charge of the day-to-day operations of the Company, and in this respect the CEO shall observe the policy and directions of the Board of the Directors. Day-to-day operations do not include measures which are unusual or extraordinary. Such measures may only be made by the CEO pursuant to special authorisation from the Board of Directors of the Company unless it is impossible to wait for the decision of the Board of Directors without causing a serious disadvantage or risk for the Company's operations. In such cases, the CEO shall consult with the Chairman of the Board, as is possible, and the Board shall subsequently be notified of the measure without delay.

- 5.2 Bankastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Honum ber að veita endurskoðendum þær upplýsingar sem þeir telja nauðsynlegar vegna starfa síns.
- The CEO shall ensure that the accounts of the Company are kept in accordance with statutory law and accepted practices and that the handling of the property of the Company is secure. The CEO is required to provide information to the Company's Auditors as they consider necessary to discharge their functions.*

- 5.3 Bankastjóri er framkvæmdastjóri félagsins að lögum og er heimilt að koma fram fyrir hönd félagsins í málefnum sem falla innan verksviðs hans.
- The CEO shall serve as a managing director of the Company as provided for by law and may speak for the Company on issues falling within the CEO's mandate.*

6 REIKNINGAR OG ENDURSKOÐUN ACCOUNTING AND AUDITING

- 6.1 Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórn félagsins skal útbúa ársreikning og ársskýrslu fyrir hvert reikningsár.

The Company's financial year shall be the calendar year. The Board of Directors shall prepare its annual financial statements and annual report for each financial year.

- 6.2 Ársreikningur, þ.m.t. samstæðureikningur, skal unninn og gerður í samræmi við ákvæði laga, góða reikningsskilavenju og þá reikningsskilastaðla sem félagið hefur



ákveðið að fylgja, m.a. hvað snertir mat á ýmsum liðum ársreiknings, framsetningu hans, sundurliðun hans, skýringar við ársreikninginn og heiti liða.

The annual financial statements, including the consolidated statements, shall be prepared and compiled in accordance with law, good accounting practice, and the financial reporting standards which the Company has decided to follow, including with regard to assessments of various items in the financial statements, their presentation, breakdown, notes, and nomenclature.

- 6.3 Á aðalfundi skal kjósa félaginu endurskoðanda í samræmi við lög. Kjósa skal sama aðila sem endurskoðanda í móður-, systur- og dótturfélagi ef þess er nokkur kostur. Skal endurskoðandinn endurskoða reikninga félagsins og skal hann hafa aðgang að öllu bókhaldi og skjölum félagsins í þeim tilgangi.

The Company's Annual General Meeting shall elect an auditor for the Company in accordance with applicable law. The same party shall be elected as auditor of a parent company, affiliate and subsidiary if at all possible. The auditor shall audit the Company's accounts and shall have access to all the Company's accounts and documents for such purpose.

- 6.4 Að öðru leyti en hér segir fer að lögum um starf og hæfi endurskoðanda félagsins. *In other respects, the work and eligibility of the Company's auditor shall be governed by law.*

7 BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM, SAMRUNI, SKIPTING OG SLIT AMENDMENTS TO THE COMPANY'S ARTICLES OF ASSOCIATION, MERGER, DIVISION AND DISSOLUTION

- 7.1 Samþykktum þessum má breyta á lögætum hluthafafundi, enda hljóti breytingin samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, sem og samþykki hluthafa sem fara með a.m.k. 2/3 hluta þess hlutfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé ekki annað samþykkishlutfall áskilið í lögum eða samþykktum þessum.

These Articles of Association may be amended at a legally constituted shareholders' meeting by a 2/3 majority of votes cast, and if approved by shareholders controlling at least 2/3 of the share capital represented at the meeting, provided no other proportion is required by law or these Articles of Association for approval.

- 7.2 Ef taka á tillögur til breytinga á samþykktum til meðferðar á hluthafafundi, skal gerð grein fyrir meginefni slíkra tillagna í fundarboði.

If motions for amendments are to be dealt with at a shareholders' meeting an account must be given of the principal substance of such motions in the meeting announcement.

- 7.3 Um slit félagsins, samruna þess við önnur félög eða skiptingu þess í tvo eða fleiri lögaðila skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og annarra laga eftir því sem við á. Ákvörðun um slíkar ráðstafanir verður aðeins tekin á hluthafafundi með sama atkvæðamagni og þarf til breytingar á samþykktum þessum.

The provisions of the Act No. 2/1995, on Public Limited Companies and other acts as appropriate shall apply to the Company's winding-up, its merger with other companies or division into two or more legal entities. A decision on such a



measure can only be taken by a shareholders' meeting by the same power of votes as is required for amendments to these Articles of Association.

8 ÖNNUR ÁKVÆÐI **MISCELLANEOUS PROVISIONS**

- 8.1** Þar sem ákvæði samþykktá þessara segja ekki til um hvernig með skuli fara, skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög og laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, eins og þau lög eru á hverjum tíma, auk annarra ákvæða laga, eftir því sem við getur átt.

The handling of any aspects not provided for in these Articles of Association shall be governed by the current provisions of the Act No. 2/1995, on Public Limited Companies and the Act No. 161/2002, on Financial Undertakings, and provisions of other legislation as applicable.

- 8.2** Viðaukar við samþykktir þessar teljast órjúfanlegur hluti þeirra. Samþykktir þessar eru á íslensku en innihalda enska þýðingu ákvæða. Ef misræmi er á milli íslensks og ensks texta skal íslenski textinn gilda.

Annexes to the Articles of Association shall be deemed an integral part of it. The Articles of Association are in Icelandic and include an English translation. In the event of a discrepancy between the Icelandic text and the English translation, the Icelandic text shall prevail.

Viðauki nr. 1 við samþykktir Íslandsbanka hf., sbr. grein 2.6.

Aðalfundur Íslandsbanka hf. haldinn 17. mars 2022 samþykkir að veita stjórn bankans heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd bankans allt að 10% af hlutafé hans. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi þar sem jafnræðis hluthafa er gætt við boð um þátttöku eða á annan hátt sem stjórnin telur bankanum og hluthöfum hans hagfelld. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að fyrirfram samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, samkvæmt a-lið 3. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, hafi verið veitt.

Heimild þessi gildir fram að aðalfundi bankans árið 2023 en hafi hann ekki farið fram 15. september 2023 rennur hún út þann dag.

Annex No. 1 to the Articles of Association of Íslandsbanki hf. pursuant to Art. 2.6.

The Annual General Meeting of Íslandsbanki hf. held on 17 March 2022 authorises the Board of Directors, based on Article 55 of the Company Act no. 2/1995, to acquire on behalf of the Bank up to 10% of issued share capital of the Bank. The authorisation shall be used to set up a formal share repurchase program or for the purpose of offering shareholders generally to sell their shares to the Bank e.g. through auction where equal treatment of shareholders is ensured or by other means the Board of Directors deems favourable for the Bank and its shareholders. The repurchase of shares under this authorisation is conditional upon the prior approval of the Financial Supervisory



Authority of the Central Bank of Iceland in accordance with paragraph 3 (a) of Article 84 of the Act on Financial Undertakings no 161/2002.

This authorisation shall remain in effect until the Bank's Annual General Meeting in 2023 or 15 September 2023, whichever occurs first.

Lagt fram til samþykktar á aðalfundi Íslandsbanka hf. þann 17. mars 2022.

So presented for approval at the Annual General Meeting of Íslandsbanki hf. 17 March 2022.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri